



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

*Alþingi*

*Erindi nr. P 132/376*

*komudagur 2.12.2005*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2005  
Tilvísun: 2005110095

**Efni: Umsögn um 371. mál, um lífeyrissjóði.**

Alþýðusambandinu hefur yfirfarið ofangreint frumvarp og gerir í sjálfu sér ekki athugasemdir við efni þess.

Hins vegar er rétt að benda alþingismönnum á, að umræddar breytingar voru niðurstaða kjarasamninga launafólks á almennum vinnumarkaði. Þessar breytingar voru að fullu metnar sem launakostnaðarhækkanir hjá þeim fyrirtækjum sem þetta fólk vinnur hjá og leiddi til þess að beinar launahækkanir urðu þeim mun lægri. Aðrir hópar á vinnumarkaði nýttu sér þetta launakostnaðarsvigrúm og fengu beinar launahækkanir í sinn vasa. Nú kemur Alþingi og tryggir bæði starfsmönnum ríkisins, sem þegar njóta ríkisábyrgðar, og öðrum á vinnumarkaði sem ekki höfðu samið um þetta, með einfaldri lagasetningu lágmarksiðgjald af hálfu sinna atvinnurekenda, án þess að minnsta tilraun sé gerði til þess að semja um þetta. Er það nema furða að almennt launafólk telji sé oft á tíðum furðulostið yfir þessum vinnubrögðum?

Með kveðju,

Gylfi Arnbjörnsson  
Framkvæmdastjóri ASÍ